

✉ Re: Leyfi til framkvæmda í Mývatnssveit - UST202106-363

Búið til	3.8.2021 14:23:49
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.8.2021 14:23:46
Tilheyrir	📁 202107-0004 - Leyfi til framkvæmda í Mývatnssveit - UST202106-363

Efni

Re: Leyfi til framkvæmda í Mývatnssveit - UST202106-363

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.8.2021 14:23:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	david.hansson@umhverfisstofnun.is, thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is, ust@ust.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202107-0004 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá Umhverfisstofnun dags. 6. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn fyrir leyfi til framkvæmda í landi Haganess í Mývatnssveit.

Stefnt er að því að reisa frístundahús á lóðinni Krókhöfða sem stendur skammt sunnan við bæinn Haganes milli Syðriflóa Mývatns og Blátjarnar. Framkvæmdin sjálf er ein og sér ólíkleg til að valda miklu riski. Húsið verður flutt í heilu lagi og komið fyrir á svæði sem er að mestu gamalt tún og flokkast sem graslendisvistlendi. Ný rotþró er einnig hluti af framkvæmdinni og tryggja þarf að engin hættu sé á að lífræn efni berist úr rotþrónni í grunn- eða yfirborðsvatn.

Þótt framkvæmdin ein og sér sé ólíkleg til að hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif er um að ræða uppbyggingu með tilheyrandi auknum umsvifum á svæði þar sem umsvif eru frekar lítil í dag og náttúruminjar með afar hátt verndargildi allt um kring. Jörðin Haganes stendur á Laxárhrauni sem er friðað skv. ákvæðum 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Þá er jörðin í þungamiðju hins alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðis sem er Mývatn og Laxá og m.a. mikilvæg varplönd húsandar og fleiri fuglategunda í næsta nágrenni við fyrirhugaða uppbyggingu. Allri aukningu á umsvifum þ.m.t. uppbyggingu húsa, fjölgun

rotþróa og aukinni umferð fylgir því hættu á meira álagi fyrir viðkvæma náttúru svæðisins. Taka þarf því varfærin skref og mikilvægt er að skýr stefna sé til framtíðar um hversu mikla uppbyggingu t.d. frístundahúsa á að leyfa innan verndarsvæðisins.

Í verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2011 segir í kafla 4.5 um ferðaþjónustu að skilgreina og taka þurfi út þolmörk svæðisins. Sú úttekt þarf einnig að ná til uppbyggingu frístundahúsa þó slík uppbygging tengist ekki endilega alltaf ferðaþjónustu. Þá vantar almennt skýrari stefnu um slíka uppbyggingu í verndaráætlunina og mikilvægt að slík stefna sé unnin og innleidd þegar áætlunin er næst uppfærð en vinna við nýja stjórnunar- og verndaráætlun hófst árið 2017 en ný áætlun ekki tekið gildi enn.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Davíð Örvar Hansson" <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
To: "arnie@hi.is" <arnie@hi.is>; "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
Subject: Leyfi til framkvæmda í Mývatnssveit - UST202106-363
Date: 6.7.2021 11:18:08

Góðan dag.

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn um leyfi til byggingar frístundarhúss í landi Haganess við Mývatn.

Umhverfisstofnun vísar í 17. Gr. reglugerðar nr. 665/2012 þar sem segir:

Sumarbústaðir, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja eru óheimil á verndarsvæðinu. Umhverfisstofnun getur þó veitt undanþágur frá ákvæði þessu vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar við bæi og vegna mannvirkja veiðifélaga og almennrar aðstöðu ferðamanna. Við veitingu undanþágu gilda ákvæði 2. mgr.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Umsókn skal berast stofnuninni a.m.k. fjórum vikum áður en fyrirhugað er að viðkomandi starfsemi eða framkvæmd hefjist. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi eða framkvæmdir áður en leyfi hefur fengist. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfisumsókn samkvæmt grein þessari....

Óskað er eftir umsögn í samræmi við aðra málsgrein 17. greinar. Fyrirliggjandi gögn eru í viðhengi með pósti þessum.

Óskað er eftir að umsögn liggja fyrir eigi síðar en 3. ágúst n.k.

Vinsamlegast sendið umsögn á eftirfarandi pósthfang: thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is (mailto:thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is) eða í ust@ust.is (mailto:ust@ust.is) með vísan í málsnúmer Umhverfisstofnunar.

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örvar Hansson

Sérfræðingur, Advisor

Teymi friðlýsinga og áætlana,

Team for Designation of Nature Protection Areas and Administration



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)